

Starfsreglur endurskoðunarnefndar stjórna

Vörður tryggingar hf. og Vörður líftryggingar hf.

1. Endurskoðunarnefnd stjórna og meginhlutverk

Við einingu tengda almannahagsmunum skal starfa endurskoðunarnefnd samkvæmt IX kafla A. laga um ársreikninga, nr. 3/2006, (hér eftir „árl“).

Endurskoðunarnefnd (hér eftir „nefndin“ eða „endurskoðunarnefnd“) stjórna Varðar trygginga hf. og Varðar líftrygginga hf. er sameiginleg (hér eftir „félaganna“) fyrir félögin og sinnir tilteknum verkefnum á ábyrgðarsviði stjórna. Þau verkefni sem endurskoðunarnefnd hefur á sinni ábyrgð að fjalla um eru einkum verkefni sem snúa að því að tryggja viðhlítandi innra eftirlit og að tryggja að fjárhagsleg skýrslugerð uppfylli þær kröfur sem gerðar eru til félaganna í lögum og reglum, þ. á m. skýrslugerð samkvæmt reglum kauphallar ef það á við. Mikilvægur þáttur innra eftirlits sem fellur því undir verksemi endurskoðunarnefndar er það ferli og eftirlitsaðgerðir sem lúta að því að tryggja að fjárhagsupplýsingar séu áreiðanlegar hvort sem um er að ræða ársreikninga, árs hlutareikninga eða innri stjórnendaupplýsingar. Nefndin getur ennfremur að eigin frumkvæði tekið upp hvaða mál sem hún telur að falli að meginhlutverki sínu.

Störf og ábyrgð endurskoðunarnefndar breyta í engu ábyrgð og skyldum stjórnenda félagsins og stjórnar þess. Ábyrgð stjórnenda og stjórnar á rekstri og fjármálum félagsins eru óbreytt og samkvæmt lögum.

2. Skipun endurskoðunarnefndar og hæfi nefndarmanna

Stjórn Varðar trygginga skipar í samráði við stjórn Varðar líftrygginga a.m.k. þrjá fulltrúa í endurskoðunarnefnd innan eins mánaðar frá aðalfundi ár hvert. Nefndina skipa fulltrúar beggja stjórna sbr. starfsreglur stjórna. Í útivistunarsamningi milli félaganna kemur fram að þess skuli gætt að Vörður líftryggingar eigi ávallt fulltrúa í endurskoðunarnefnd. Starfstímabil nefndarinnar nær til næsta aðalfundar. Nefndarmenn skulu búa yfir þekkingu og reynslu í samræmi við störf nefndarinnar. Að minnsta kosti einn nefndarmanna skal hafa staðgóða þekkingu og reynslu á sviði reikningsskila eða endurskoðunar sbr. ákvæði 108. gr. a árl.

Nefndarmenn skulu vera óháðir endurskoðanda eða endurskoðendum félagsins og meirihluti nefndarmanna skal jafnframt óháður félaginu sbr. 108. gr. a árl. Forstjóri félagsins skal ekki eiga sæti í nefndinni en situr fundi nefndarinnar eftir því sem við á. Samskonar viðmið skal viðhaft vegna óhæðis og vegna óhæðis stjórnarmanna sbr. 3. gr. starfsreglna stjórnar einnig skulu leiðbeiningar viðskiptaráðs Íslands um stjórnarhætti fyrirtækja hafðar til hliðsjónar við mat á óhæði.

3. Helstu verkefni og hlutverk

Meginhlutverk nefndarinnar er skilgreint í 108. gr. b. árl. án tillits til ábyrgðar stjórnar eða stjórnenda, og falla eftirfarandi verkefni þar undir;

1. Eftirlit með vinnuferli og gerð reikningsskila;
2. Eftirlit með fyrirkomulagi og virkni innra eftirlits félagsins, innri endurskoðun og áhættustýringu;
3. Eftirlit með endurskoðun ársreiknings félagsins;
4. Mat á óhæði endurskoðanda eða endurskoðandafyrirtækis og eftirlit með öðrum störfum endurskoðanda eða endurskoðunarfyrirtækis; og
5. Að setja fram tillögu til stjórnar um val á endurskoðanda eða endurskoðunarfyrirtæki.

Meðal annarra verkefna nefndarinnar er að yfirfara fjárhagsupplýsingar og fyrirkomulag upplýsingagjafar frá stjórnendum, innri endurskoðun og ytri endurskoðendum, og að staðreyna að upplýsingar sem stjórnin fær um rekstur, stöðu og framtíðarhorfur félagsins séu áreiðanlegar og gefi sem gleggsta mynd af stöðu félagsins á hverjum tíma. Þau verkefni rækir nefndin m.a. með því að;

1. Meta reikningsskil og skýrsluskil stjórnenda um fjármál félagsins;

2. Hafa eftirlit með áhættugreiningu félagsins, gerð ORSA ásamt því að hafa eftirlit með viðbrögðum við áhættu;
3. Fylgja eftir úrbótum á annmörkum sem fram koma á innra eftirliti;
4. Annast ráðningu og samskipti við innri endurskoðanda;
5. Hafa eftirlit með virkni innri endurskoðunar og viðbrögðum við ábendingum um úrbætur; og
6. Meta störf innri endurskoðenda.

Störf nefndarinnar skulu árlega metin sem hluti af árangursmati stjórnar.

Um nánara hlutverk endurskoðunarnefndar er fjallað í viðauka I sem er hluti þessara reglna.

4. Aðgangur að upplýsingum og skýrslum

Endurskoðunarnefnd hefur ótakmarkaðan aðgang að upplýsingum og gögnum frá stjórnendum og öðru starfsfólki félagsins sem og frá innri og ytri endurskoðendum. Nefndin getur krafist þess að starfsfólk komi á fund nefndarinnar og veiti umbeðnar upplýsingar. Endurskoðunarnefnd getur látið vinna minnisblöð og greinargerðir fyrir sig.

5. Fundir endurskoðunarnefndar

5.1 Boðun og tíðni funda

Formaður endurskoðunarnefndar boðar til funda að eigin frumkvæði eða að ósk annars nefndarmanns, forstjóra félagsins, innri endurskoðanda, áhættustjóra eða endurskoðanda félagsins. Formanni skal heimilt að fela forstjóra eða ritara nefndarinnar að boða til funda. Heimilt er að boða til funda með tölvupósti á tölvupóstfang sem nefndarmenn tiltaka. Fundir skulu boðaðir með a.m.k. fjögurra daga fyrirvara. Dagskrá er fyrirfram ákveðin skv. starfs- og fundaaætlun sem samþykkt er á fyrsta fundi hvers starfsárs. Starfs- og fundaaætlun endurskoðunarnefndar skal vera hluti af starfs- og fundaaætlun stjórnar svo vinna nefndarinnar nýtist stjórn sem best. Fundargögn skulu vera aðgengileg fundarmönnum að jafnaði með a.m.k. tveggja daga fyrirvara.

Fundir skulu haldnir eigi sjaldnar en sex sinnum á ári og oftast ef formaður nefndarinnar telur þörf á eða ef stjórn felur nefndinni aukin verkefni. Við ákvörðun funda skal hafa til viðmiðunar þau verkefni nefndarinnar sem snúa að undirbúningi t.d. ársuppgjörs, stórum skýrsluskilum er varða störf nefndarinnar og vegna yfirferðar ársuppgjörs á fyrsta ársfjórðungi ár hvert.

5.2 Rafræn þátttaka

Þátttaka á fundum í síma eða með fjarfundarbúnaði er heimil og telst vera fullgild þátttaka.

5.3 Lögmæti funda og atkvæðagreiðslur

Fundir endurskoðunarnefndar eru lögmætir ef a.m.k. tveir nefndarmenn taka þátt. Meirihluti atkvæða ræður úrslitum mála. Atkvæðagreiðsla er endanleg um lyktir máls. Falli atkvæði jöfn, ræður atkvæði formanns.

5.4 Fundargerð

Færa skal fundargerð um það sem gerist á fundum endurskoðunarnefndar. Fundargerðir nefndarinnar skulu ennfremur skannaðar og vistaðar rafrænt hjá félaginu og á vefgátt sem aðgengileg er bæði nefndarmönnum og stjórnunum. Að öðru leiti en hér kemur fram skulu sömu reglur gilda um fundargerðir nefndarinnar og fundargerðir stjórnar, sbr. 6. gr. starfsreglna stjórnar.

5.5 Upplýsingar um störf endurskoðunarnefndar

Stjórnir félaganna hafa eftirlit með störfum endurskoðunarnefndar og skulu árlega meta skilvirkni nefndarinnar. Stjórnir félaganna skulu hafa aðgang að fundargerðum endurskoðunarnefndar á vefgátt.

6. Trúnaðar- og þagnarskylda

Nefndarmenn eru bundnir trúnaðar- og þagnarskyldu um öll störf sín á vegum endurskoðunarnefndar. Öll gögn sem aflað er vegna vinnu nefndarinnar skulu nefndarmenn fara með sem trúnaðargögn.

Nefndarmenn skuldbinda sig til að hagnýta sér hvorki í eigin þágu eða þágu annarra utan félagsins, vitneskju eða hugmyndir, sem þeir fá aðgang að vegna starfa sinna á vegum endurskoðunarnefndar. Gildir það bæði um trúnaðarupplýsingar sem eru afhentar frá utanaðkomandi aðilum sem og innanhússupplýsingar.

Nefndarmenn bera sjálfir ábyrgð á því að gögn sem þeim eru afhent, á hvaða formi sem er, fari ekki lengra eða komist ekki á annan hátt í hendur aðila utan nefndarinnar.

7. Úrsögn úr endurskoðunarnefnd

Nefndarmanni er hvenær sem er heimilt að segja sig úr endurskoðunarnefnd. Þá er meirihluta stjórnar félagsins heimilt að víkja nefndarmanni úr nefndinni án rökstuðnings og án fyrirvara ef þurfa þykir.

Stjórn Varðar skal í samráði við stjórn Varðar líftrygginga skipa annan nefndarmann við fyrsta tækifæri, og eigi síðar en innan mánaðar, í stað þess sem víkur sæti.

8. Endurskoðun starfsreglna endurskoðunarnefndar

Endurskoðunarnefnd setur sér sjálf starfsreglur þessar og skulu þær yfirfarnar árlega af nefndinni í upphafi starfsárs en uppfærðar eftir þörfum. Til breytinga á reglum þessum þarf samþykki meirihluta nefndarmanna.

Reglur þessar voru settar með hliðsjón af ákvæðum laga um ársreikninga, nr. 3/2006, og með hliðsjón af 5. útg. leiðbeininga Viðskiptaráðs Íslands, Nasdaq Iceland hf. og Samtaka atvinnulífsins um stjórnarhætti fyrirtækja útg. 2015.

Reglur þessar öðlast gildi við undirritun og falla þá úr gildi reglur nefndarinnar samþykktar af stjórn í desember 2018.

Reglur þessar skulu birtar á heimasíðu félagsins.

Samþykkt af endurskoðunarnefnd stjórnar Varðar trygginga hf. 14. maí 2020 og afgreiddar til stjórnar til samþykktar.

Þannig samþykkt af stjórn.

Reykjavík, 20. maí 2020

Viðauki: Verkefni endurskoðunarnefndar stjórnar

Endurskoðunarnefnd sinnir eftirfarandi í tengslum við uppgjör félagsins og fjárhagslega skýrslugerð:

- Fara yfir, og gagnrýna eftir því sem við á, aðgerðir og ákvarðanir stjórnenda í tengslum við gerð ársreiknings, ársskýrslu, milliuppgjörs, viðskiptaáætlunar og annarra formlegra fjárhagslegra skýrslna og áætlana áður en stjórn fjallar um þær. Nefndin skal sérstaklega huga að eftirfarandi:
 - Reikningsskilaaðferðum sem hafa veruleg áhrif á niðurstöðuna og breytingar á þeim;
 - Ákvörðunum sem eru verulega háðar mati;
 - Í hve miklum mæli reikningsskil mótast af óvenjulegum viðskiptum á uppgjörstímabilinu og hvernig gerð er grein fyrir þeim;
 - Upplýsingagildi skýringa;
 - Breytingum á reikningsskilum í tengslum við endurskoðun;
 - Forsendu um áframhaldandi starfsemi;
 - Fylgni við reikningsskilastaðla;
 - Fylgni við aðrar kröfur laga og reglna; og
 - Fjalla um önnur skyld mál að ósk stjórnar.

Endurskoðunarnefnd sinnir eftirfarandi í tengslum við innra eftirlit og áhættustýringu:

- Fara yfir skýrslur stjórnenda og innri endurskoðanda um virkni innra eftirlits, fjárhagslegrar skýrslugerðar og áhættustýringar;
- Fara yfir þá kafla í ársskýrslunni þar sem fjallað er um innra eftirlit og áhættustýringu;
- Fara yfir umfang og skilvirkni innra eftirlits sem finnur, metur, stýrir og fylgist með áhættu í starfseminni, hvort sem hún er fjárhagsleg eða ekki, og meta hæfni þessara aðgerða árlega; og
- Yfirfara árlega og hafa eftirlit með ORSA (own risk self-assessment) áætlun og vinnu ásamt því að rýna drög að ORSA skýrslu.

Endurskoðunarnefnd sinnir eftirfarandi í tengslum við innri endurskoðun:

- Fara yfir starfsáætlun innri endurskoðunar og tryggja að hún hafi nægjanlegan mannafla og fjármuni og stöðu við hæfi innan félagsins, eftir atvikum;
- Tryggja að innri endurskoðandi hafi beinan aðgang að formanni og varaformanni stjórnar og endurskoðunarnefnd stjórnar;
- Taka við öllum skýrslum innri endurskoðunar, fara yfir þær og fylgja eftir öllum helstu áhyggjuefnum sem fram koma í skýrslunum;
- Fara yfir og fylgjast með viðbrögðum stjórnenda við athugasemdum og ábendingum innri endurskoðunar;
- Fylgjast með og meta hlutverk og skilvirkni innri endurskoðunar í tengslum við áhættustýringu í félaginu; og
- Ráðleggja stjórn um ráðningu og uppsögn innri endurskoðanda og annast samskipti við innri endurskoðun.

Endurskoðunarnefnd sinnir eftirfarandi í tengslum við endurskoðun:

- Hafa umsjón með vali á endurskoðanda félagsins og leggja tillögu þar að lútandi fyrir aðalfund fyrir milligöngu stjórnar;
- Meta óhæði endurskoðandans og tryggja að skipt sé reglulega um endurskoðendur;
- Ganga frá ráðningabréfi endurskoðanda þegar við á (a.m.k. á 5 ára fresti);
- Tryggja að störf endurskoðanda fyrir félagið á öðrum sviðum en endurskoðun dragi ekki úr óhæði og hlutlægni endurskoðandans;
- Ræða eðli og umfang endurskoðunarinnar við endurskoðandann áður en vinnan hefst;
- Fara yfir ábendingar í endurskoðunarskýrslunni sem og viðbrögð stjórnenda félagsins við þeim;
- Fara yfir vinnu endurskoðandans með honum, þ. á m. öll veigameiri atriði sem upp komu við endurskoðunina; og
- Fara yfir og meta skilvirkni vinnunnar að lokinni hverri endurskoðun.